



STAÐA MÁLS

Málnr.: **18-170F032**

Dags: **9. ágúst 2018**

Staður: **Í farflugi frá Washington til Keflavíkur**

Lýsing: **Veikindi flugfreyja**

Staða máls: **September 2019: Í rannsókn**

Þann 12. ágúst 2018 barst RNSA tilkynning frá flugfreyju sem taldi sig hafa orðið fyrir alvarlegri eitrun í flugi frá Washington til Keflavíkur þann 9. ágúst 2018. Umrætt flug varð í flugvél TF-ISK, sem er Boeing 757-200 flugvél.

Hefur flugfreyjan glímt við langvarandi veikindi síðan atvikið átti sér stað.

Við rannsókn RNSA á atvikinu kom í ljós að tvær flugfreyjur veiktust í fluginu.

RNSA rannsakar hvort að starfsumhverfi flugfreyjanna tengist veikindunum, en RNSA hefur önnur sambærileg mál til rannsóknar.